

Þjóðbrók

1. árgangur, 2. tölublað, október 1993.

Starf vetrarins hjá Þjóðbrók

Þegar hafist er handa við verk er gott að leggja niður fyrir sér hvernig eigi að framkvæma það. Þannig er það einmitt með félagsstarfið hjá Þjóðbrók í vetur. Hugmyndir um starf vetrarins eru dýrmætar og í tilefni þess að nú fer vetur að hefjast vil ég velta upp þeim hugmyndum sem fram hafa komið.

*Haustferð, leikhúsferð,
Jólablót, Kvöldvaka,
Þorrablót, Fyrirlestrar,
Sænskt kvöld! Og margt
fleira!*

Fyrsta vetrardag hefur verið ákveðið að halda í vísindaferð austur á Skóga. Þar verður örugglega gaman að spígspora um og skoða það sem fyrir augu ber. Um þessa ferð er fjallað annars staðar í blaðinu. Þá hefur verið ákveðið að fá merki fyrir Þjóðbrók og er auglýst samkeppni um það hér í blaðinu. Þegar fer að líða á veturinn er von á að Lesbrók síðasta

árs komi út og væri við hæfi að halda veglega útgáfuhátíð. Þegar líða fer að jólum þarf einnig að fara að skipuleggja jólablótíð, sem tókst svo vel í fyrra. Annað sem gera mætti fram að jólum er t.d. leikhúsferð og fyrirlestur um eitthvert áhugavert þjóðfræðilegt efni. Einnig væri mjög gaman að fara í skála út fyrir borgarmörkin og halda kvöldvöku með draugasögum og skemmtunum.

Eftir jól verður svo að halda áfram af sama krafti, en eins og gefur að skilja er ekki búið að skipuleggja það starf eins vel. Fastur liður verður þó Þorrablótíð og einnig væri gaman að halda sænskt kvöld til heiðurs þeim nemum sem lagt hafa leið sína til okkar frá Sverige. Þegar Lesbrók kemur svo út í vor verður að halda aðra útgáfuhátíð síst veigaminni en hina fyrri og vorferðin má alls ekki falla niður.

Eitthvað skemmtilegt verður svo að gera á opnu dögnum næsta vor og reyna að kynna Þjóðfræðina,

bæði innan skólans og utan. Annað má gera eftir áhuga og athafnasemi.

Við vonumst eftir öflugum og góðu starfi í vetur, með þinni hjálp. Greiðum félagsgjöldin!

DFJ.

Samkeppnin

Eitt af því fyrsta sem hin nýja stjórn rak sig á þegar hún tók til starfa er að félagið vantar hentugt merki.

Að vísu er skessan Þjóðbrók til, og sómir sér vel uppi á hillu formannsins, en hefði ekki verið gaman að geta t.d. sett merki félagsins í haus þessa blaðs. Já betur má ef duga skal.

Þess vegna er nú efnt til þessarar samkeppni. Ef þú ert dráttlagur maður eða kona, endilega rissaðu upp merki og komdu því til: Daniels, Birnu, Þorberu eða Christinu.

Vegleg verðlaun eru í boði og má þar nefna t.d.: Heimsreisu fyrir

tvo á vegum Ferðaskrifstofu Stúdenta og Mitsubishi Pajero fjallabifreið að verðmæti 3.600.000 kr. Já rúmar þrjár og hálf milljón!

Dómnefnd verður skipuð mætu fólki. Ekki er búið að ákveða

Heimsreisa

Mitsubishi Pajero

hverjir það verða en líklegt er að stjórnin sitji sjálf í henni auk prófessors í Þjóðfræði. Sem er hann Jón Hnefill, eins og við vitum öll.

DFJ.

Haustferð

Missið ekki af haustferðinni sem verður á laugardaginn 23. október! Farið verður í Skóga undir Eyjafjöllum og við ætlum að leggja af stað kl. 10:00 frá Odda. (En við skulum samt safnast saman kl. 9:30!)

Meðan á ferðinni stendur hefur þú líka stórkostlegt tækifæri til að borga Þjóðbrókargjaldið, sem er bara 1000 kr.!!!! Þá færð þú líka að koma í party um kvöldið (með ókeypis drykkjum!!!!).

Það verður haldið heima hjá Daniel Frey, Eggertsgötu 10, (íbúð 229) (Hjónagarðar).

CN.

Það verður æðislega gaman í Haustferðinni!

Mycket fri Svensk översättning

Detta kommer att hända under vintern;

Porrablótíð, Jólablótíð
(=Fester, men det ska ni väl förstå?)
Kvällsvaka, Höstutflykt,
Teaterbesök, 2st. utgivningar av
Lesbróka, Gäsföreläsning, Svensk-
kväll (Mitt fel, men lugn Andreas,
vi kan nog klämma in något typiskt
norskt också.) Utförande av ett
Þjóðbrók - märke / logo. Jaha, det
var väl allt.

CN.

Lesbrók

Það er helst að fréttu af Lesbrók síðasta árs að hún er tilbúin og bíður eftir að vera leyst úr tolli og verður henni dreift á næstunni.

Auðvitað er stefnt að því að koma henni aftur út í vor í stórri og veigamikilli útgáfu, þar sem fræðilegt gildi verður ofar öllu.

Lesbrók hefur unnið sér sess með ritum á borð við National Geographic o.fl.

Ef þú lumar á fræðilegri grein, endilega komdu henni til mín:

Jón Jónsson.

Þjóðbrókarbót, fréttabréf
Þjóðfræðinema:

Hér vantar merki Þjóðbrókar

Formaður: Daníel Freyr Jónsson
Ritari: Birna M. Sigurðardóttir
Gjaldkeri: Þorbera Fjöl意思dóttir
Meðstjórnandi: Christina Nordin
Greinarhöfundar:
Daníel Freyr Jónsson
Birna M. Sigurðardóttir
Christina Nordin
Jón Jónsson

Peningagreinin

Það er mjög góð ástæða fyrir því að þessi grein er aftast í blaðinu. Núna eigið þið að vera búin að lesa bótina yfir og vera full áhuga fyrir starfinu í vetur, haustferðinni og öllum uppákomunum.

En það er einn hængur á þessu öllu, það kostar allt peninga. Forsendan fyrir því að við getum haft öflugt félagsstarf er að þú borgir félagsgjöldin, helst sem fyrst.

*Mættu með þúsundkall
í rútuna á laugardaginn.
Það er þinn hagr!*

R

S

sast getur í
nvert
með
ins vegar

n fjölþætt
aðarþjón-
ábyrgð.

a okkar
ur.